


**Rannsóknir á Dunká  
Árið 2001**

**Sigurður Már Einarsson  
Björn Theódórsson**

**Veiðimálastofnun Borgarnesi VMST-V/01016**

**Desember 2001**



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

# Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður	1
Laxveiðin	1
Hreistursýni	2
Umræður	3
<u>Heimildaskrá</u>	<u>5</u>
Myndaskrá:	
1. mynd. Laxveiði í Dunká 1977 til 2001.	2
2. mynd. Laxveiðin í Dunká. Hlutdeild eldislaxa er sýnd frá 1996 til 2001.	4
Töfluskrá:	
Tafla 1. Laxveiðin í Dunká sumarið 2001.	2
Tafla 2. Aldurssamsetning laxa í ferskvatni og sjó eftir hreistursýnum.	3
<u>Tafla 3. Hlutfall laxa eftir uppruna í Dunká árin 1996 til 2001.</u>	<u>3</u>

## **Inngangur**

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á hreistursýnum af laxi úr Dunká á Skógarströnd. Markmið rannsókna er að greina aldursamsetningu laxa á lífsferli þeirra, kanna hlutfall fiska sem eru að ganga í annað sinn til hrygningar auk þess að aðgreina laxa af eldis – eða ræktunaruppruna frá löxum af náttúrulegum uppruna. Auk þess verður fjallað um laxveiðina árið 2001 og árangur ræktunar á vatnasvæðinu.

Rannsóknir á hreistursýnum laxa úr Dunká hafa verið gerðar frá árinu 1996 (Sigurður Már Einarsson 1998 og 2000). Að öðru leyti liggja fyrir mjög takmarkaðar rannsóknir á vatnasvæði Dunkár, utan þess að áin var stuttlega athuguð í tengslum við könnun á möguleikum til fiskræktar og fiskeldis í Dalasýslu (Sigurður Már Einarsson 1987, Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988).

## **Aðferðir**

Hreistursýnum var safnað af stangveiðimönnum í Dunká. Sýnin eru sett í hreistursumslög, þar sem fram koma upplýsingar um lengd, þyngd og kyn fiska auk upplýsinga um veiðidag og veiðistað í ánni. Á rannsóknarstofu var tekin afsteypa af hreistrunum á plastræmur og hreistrin lesin í stækkaðri mynd í hreisturslesningarvél. Skráður var ferskvatnsaldur, sjávaraldur, ummerki um got og sýnin flokkuð eftir uppruna út frá aldri seiða í fersku vatni, hreistursmynstri og stærð ferskvatnaskjarna hreistursins.

## **Niðurstöður**

### **Laxveiðin**


Í Dunká veiddust alls 96 laxar árið 2001 (tafla 1) og einnig var 21 bleikja skráð í veiðibókina. Eins árs lax úr sjó (smálax) var ríkjandi í veiðinni en 85 slíkir veiddust síðastliðið sumar (88,5), en tveggja ára lax úr sjó (stórlax) urðu einungis 11 (11,5%).

Hrygnur voru í meirihluta bæði hjá smálaxi og stórlaxi (tafla 1). Alls veiddust 59 hrygnur á móti 37 hængum. Allir stórlaxarnir sem veiddust voru hrygnur. Meðalþyngd smálaxa úr Dunká var 2,5 kg en meðalþyngd stórlaxa 4,7 kg (tafla 1).

Tafla 1. Laxveiðin í Dunká sumarið 2001. Veðið er skipt upp eftir árafjölda í sjó og kyni.

Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.	%	Fjöldi	Meðalþ.
1	37	2,7	43,5	48	2,4	56,4	85	2,5
2	0	0	0	11	4,7	100	11	4,7
Samtals	37	2,7	38,5	59	2,8	61,5	96	2,8

Laxveiðin í Dunká batnaði mikið frá árinu 2000, en þá veiddust einungis 45 laxar í ánni. Meðalveiðin á laxi í Dunká á tímabilinu 1977 til 2000 er 91 lax og varð því veiðin 2001 um 5,5% yfir meðalveiðinni (1. mynd) og rétti loks úr kútnum eftir nokkur mögur ár.



1. mynd. Laxveiði í Dunká árin 1977 til 2001.

## Hreistursýni

Úr veiðinni 2001 bárust 36 sýni af laxi eða 38% veiðinnar á tímabilinu. Af sýnunum höfðu 91,7% verið 1 ár í sjó og 8,7% 2 ár í sjó og er þetta svipað hlutfall og fram kom í aflatölum.

Dvalartími í fersku vatni var frá 1 til 4 ár (tafla 2). Laxar sem dvelja 1 ár í fersku vatni eru allir af eldisuppruna. Laxar sem sýndu 2 til fjögurra ára ferskvatnsdövl teljast af náttúrulegum uppruna. Laxar sem sleppt hefur verið sem sumaröldum laxaseiðum teljast hins vegar til þessa hóps því ekki er unnt að aðgreina þá frá náttúrulega klöktum laxi.

Einn lax var að ganga í annað sinn til hrygningar. Hlutfall slíkra laxa í veiðinni hverju sinni er yfirleitt fremur lágt (tafla 2).

Tafla 2. Aldurssamsetning laxa í ferskvatni og sjó samkvæmt greiningu hreistursýna úr Dunká á Skógarströnd árin 1996 – 2001.

Ár	Fjöldi sýna	Ferskvatnsaldur %					Sjávaraldur %		% Got
		1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár	1 ár	2 ár	
1996	69	27,5	1,5	18,8	49,3	2,9	91,3	8,7	1,5
1997	41	26,8	0,0	14,6	34,1	24,4	53,7	46,3	2,4
1998	13	7,7	0,0	30,8	61,5	0,0	69,2	30,8	15,4
1999	17	17,6	5,9	52,9	23,5	0,0	94,1	5,9	0,0
2000	21	14,3	14,3	52,4	19,0	0,0	76,2	23,8	0,0
2001	36	30,6	2,8	33,3	33,3	0,0	91,7	8,7	2,8

Árið 2001 reyndist hlutdeild laxa af eldisuppruna 30,6% í hreistursýnunum og svarar það til þess að 29 laxar í veiðinni það ár megi rekja til eldisuppruna. Þetta hlutfall hefur reynst breytilegt síðastliðin ár (tafla 3). Árin 1996 til 1997 var hlutfallið um 27%, en reyndist mun lægra árin 1998 til 2000 (tafla 3). Sum árin hafa laxar af eldisuppruna því haft verulega hlutdeild í veiðinni (2. mynd).

Tafla 3. Hlutfall laxa eftir uppruna, í Dunká árin 1996 – 2001, samkvæmt greiningu hreistursýna.


Ár	Eldisuppruni		Náttúrulegur uppruni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
1996	19	27,5	50	72,5
1997	11	26,8	30	73,2
1998	1	7,7	12	92,3
1999	3	17,6	14	82,4
2000	3	14,3	18	85,7
2001	11	30,6	25	69,4

## Umræður

Laxveiðin í Dunká batnaði verulega á árinu 2001 eftir nokkur mögur ár. Veiðin á landinu öllu árið 2001 batnaði lítillega frá árinu 2000 (Guðni Guðbergsson 2001, [www.veidimalastofnun.is](http://www.veidimalastofnun.is)), en reyndist langt undir langtíma meðalveiði á Íslandi. Laxveiðin á Vesturlandi var einnig slök á heildina lítið, en veiði í Dölum sýndi þó veruleg batamerki m.a. í Dunká.

Laxveiðin hverju sinni er háð fjölda sjógönguseiða sem hvert vatnakerfi framleiðir einu og tveimur árum fyrr og afdrifum þeirra á meðan að sjávardvöl stendur. Lax sem er að skila sér eftir 1 ár í sjó er jafnan ríkjandi í ám á Vesturlandi og er Dunká engin undantekning. Hlutfallslegur fjöldi laxa sem er að skila sér eftir

tveggja ára sjávardvöl hefur farið lækkandi á undanförunum árum (Sigurður Guðjónsson o.fl. 1995) og er ekkert lát á þessari þróun. Fækkun stórlaxa kemur meira niður á ám á Norðurlandi og Austurlandi þar sem hlutfall þeirra er hærra af laxastofnunum, en fækkunin kemur einnig vel fram á Vesturlandi.



2. mynd. Laxveiðin í Dunká 1977 til 2001. Hlutdeild eldislaxa er sýnd frá 1996 til 2001.

Hlutdeild laxa af eldisuppruna er mjög breytileg frá því að farið var að fylgjast með þessari þróun í hreistursýnum úr ánni. Árangur af seiðasleppingum hefur reynst sveiflukenndur (Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1996). Þar kemur margt til. Seiðagæði geta verið misjöfn úr eldisstöð og stærð seiða getur haft áhrif á endurheimtur. Þá er sleppiaðferðin lykilatriði, t.a.m. er mun betri árangur af sleppingum seiða eftir aðlögun úr sleppitjörnum heldur en við beinar sleppingar. Einnig er breytileg heimta eftir afdrifum í sjó hverju sinni.

## Heimildaskrá

Guðni Guðbergsson 2001. Bráðabirgðatölur um laxveiðina 2001. Heimasíða Veiðimálastofnunar. [www.Veidimalastofnun.is](http://www.Veidimalastofnun.is).

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson 1996. Fiskrækt. Freyr Búnaðarblað. 92. árg. nr. 11. 96. 463-471.

Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995. Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon (*Salmo salar*) in Iceland. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 52: 1385-1398.

Sigurður Már Einarsson 1987. Dunká í Hörðudalshreppi. Fiskræktar – og fiskeldismöguleikar. Veiðimálastofnun. Borgarnes. VMST-V/87023. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1998. Rannsóknir á hreistursýnum úr Dunká árin 1996 – 1997. Veiðimálastofnun. Borgarnes. VMST-V/98002. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 2000. Dunká í Dalasýslu. Niðurstöður hreistursrannsókna. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/0007. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson 1988. Fiskræktar – og fiskeldismöguleikar í Dalasýslu. Veiðimálastofnun. Borgarnes. VMST-V/88005. 86s.